

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í skólanum, en hið verklega í sambandi við hjúkrunarstörf á Landsspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, þar sem nemendur verða vistaðir til starfa á vegum skólanefndar. 76 20. des.

Að öðru leyti fer um inntökuskilyrði, almennar skólareglur, tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir eftir ákvæðum í reglugerð skólans, er skólanefnd semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Skólavistina skal veita nemendum ókeypis að forskólanámi loknu. Forskólanemendur greiði sérstakt skólagjald, er ráðherra ákveður eftir tillögum skólanefndar. Kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið skal ákveðið af skólanefnd, hlutaðeigandi sjúkrahúsum og félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna.

6. gr.

Í reglugerð skólans má setja reglur um allt að eins árs almennt framhaldsnám hjúkrunarkvenna, svo og 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum (geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frý.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skólanefndar fyrir slíku almennu framhaldsnámi og sérnámi.

7. gr.

Í reglugerð skólans má ákveða, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, þ. á m. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum ásamt ljósmóðurstörfum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi þau ákvæði laga nr. 13 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er varða sérstaklega hjúkrunarkvennaskóla.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

77 20. des.

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1200000.00 — tólf hundruð þúsundum króna — gegn því, að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $\frac{3}{5}$ kostnaðar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1800000.00 — átján hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðarinnar. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 41 27. júní 1941 úr gildi felld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.